



Fjölbrautaskóli Suðurlands
vorönn 2021

AVVI1MG03

Kennari:	Sigurþór Leifsson	sigurthor@fsu.is	Sk.st.	SL
-----------------	--------------------------	--	---------------	-----------

Áfangalýsing: Nemendur öðlast innsýn í umgengni á vinnustað þar sem fram fer viðhald véla og viðgerðir. Þeir kynnast verkfærum, tækjum og búnaði slíkra vinnustaða. Nemendur kynnast jafnframt grundvallarvinnubrögðum í viðhaldi og viðgerðum brunahreyfla og búnaðar sem þeim tengist. Þeir kynnast tilgangi og verkun gíra og annars algengs búnaðar til aflyfjrfærslu.

Undanfari:

Þekkingarviðmið: Að loknu námi í áfanganum á nemandi að þekkja:

- Helstu hluta brunahreyfla og gíra, nöfn þeirra og hlutverk.
- Nöfn algengra verkfæra og mælitækja, beitingu, meðferð og hirðingu þeirra.
- Hættur samfara vinnu við vélar og á vinnustað þar sem vélar eru meðhöndlaðar.
- Spilliefni sem notuð eru í og við vélar.
- Hættur sem stafa af spilliefnum og reglur sem lúta að meðferð þeirra.

Leikniviðmið: Að loknu námi í áfanganum á nemandi að geta:

- Að haga störfum svo ekki stafi hætta af fyrir hann eða aðra.
- Lýst tilgangi og virkni helstu hluta brunahreyfla.
- Tekið í sundur á skipulagðan hátt einfalda vélahluta og sett rétt saman.
- Valið verkfæri sem hæfa því verki sem unnið er og beitt þeim rétt.

Námsefni: Efni frá kennara.

Áætlun um yfirferð og verkefnaskil:

Vika nr	Dagsetning	Námsefni - viðfangsefni	Próf og verkefni
		Vinna við vélar og vélahluta og mat á ástandi véla, viðhald og umhirða	Munnlegt próf í lok annar til að meta skilning og þekkingu

Sérreglur áfangans og námsmat:

Skilyrði fyrir því að þessum áfanga sé náð, er að nemendur ljúki við verkefni sem sett eru fyrir og skili fagbóklegum verkefnum. Verklegr verkefni 50%. Fagbókleg verkefni 30%. Umgengni 10%.Ástundun 10%.

Notkun á tölvu:

Notkun tölvu við námið er mikilvæg alla önnina, en notkun tölvu í tölvuleiki og spjall á netinu í kennslustund er ekki liðin og jafngildir það fjarvist (F). Sama á við um snjallsíma.

Kennsluáætlun er sett fram með fyrirvara um breytingar.